

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

223. fundur

Föstudaginn 14. ágúst 2015 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Þönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru:

Bryndís Haraldsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Einar Birkir Einarsson, S. Björn Blöndal (varamaður), Sverrir Óskarsson (varamaður) og Bjarni Torfi Álfþórsson (varamaður).

Fjarverandi voru; Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Kristín Soffía Jónsdóttir og Sigrún Edda Jónsdóttir

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Árshlutauppgjör 30. júní 2015
2. Mælaborð janúar – júlí 2015
3. Forsendur fjárhagsáætlunar
4. Viðbragðsáætlanir
5. Mannauðsmál
6. Erindi til Strætó

Tekið fyrir:

1. Árshlutauppgjör 30. júní 2015

Fyrir fundinum lá árshlutauppgjör 30. júní 2015. Árshlutareikningurinn er kannaður af endurskoðanda félagsins KPMG hf.

Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri kynnti helstu niðurstöður uppgjörsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfestu árshlutauppgjörið með undirritun sinni.

2. Mælaborð janúar – júlí 2015

Fjármálastjóri fór yfir helstu lykiltölur í rekstri það sem af er ári 2015.

3. Forsendur fjárhagsáætlunar

Framhaldsumræður um forsendur fjárhagsáætlunar 2016-2020 frá fundi stjórnar 26. júní sl.

Stjórn samþykkir að veita stjórnarformanni og framkvæmdastjóra umboð til að vinna áfram að forsendum áætlunar og leggja fyrir næsta fundi stjórnar 28. ágúst nk. til samþykktar.

4. Viðbragðsáætlanir

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu viðbragðsáætlanir Strætó. Einn hluti af stjórnkerfum Strætó er gerð viðbragðsáætlana og verklagsregla. Markmið með þessu er að við allri „vá“ sé til þekkt verklag sem gripið er til þegar slíkt kemur upp.

5. Mannauðsmál

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað, dagsett 24.08.2015 og fór yfir stöðu mannauðsmála.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram með málið.

6. Annað

-
- Erindi frá réttargæslumanni fatlaðs fólks. Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara erindinu.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13.10

Fylgiskjöl:

- Árshlutareikningur 30. júní 2015
- Mælaborð janúar – júlí 2015
- Kynning - Árshlutareikning dagsett 14. ágúst 2015
- Kynning – Viðbragsáætlanir dagsett 14. ágúst 2015
- Minnisblað - Mannauðsmál dagsett 12. ágúst 2015

Bryndís Haraldsdóttir

S. Björn Blöndal

Sverrir Óskarsson

Gunnar Valur Gíslason

Bjarni Torfi Álfþórsson

Einar Birkir Einarsson